

Verklagsreglur Viðbragðsstjórnar Árborgar

1. Um viðbragðsstjórn Árborgar

Verklagsreglur þessar byggja á viðbragðsáætlun Sveitarfélagsins Árborgar, sem samþykkt var af bæjarstjórn, dags. 18. mars 2020. Í 2. gr. viðbragðsáætlunarinnar kemur fram að viðbragðsstjórn Árborgar (VÁ) gæti þess að sveitarfélagið búi yfir nýjustu upplýsingum frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og landlæknisembættinu um stig faraldursins og kemur þeim á framfæri. Þá annast VÁ eftirfylgni með leiðbeiningum til starfsmanna um fyrirkomulag og útfærslur á vinnustað.

1.1 Stjórnarmenn

Samkvæmt Viðbragðsáætlun sveitarfélagsins Árborgar við alvarlegum faraldri eiga sæti í Viðbragðsstjórn Árborgar (VÁ) bæjarstjóri, allir sviðsstjórar, mannauðsstjóri, verkefnastjóri stafrænnar þróunar og ritari bæjarstjóra. VÁ tekur til starfa þegar háskastigi Almanna- og almannavarna hefur verið lýst yfir.

1.2 Hlutverk og markmið VÁ

VÁ gætir þess að sveitarfélagið búi yfir nýjustu upplýsingum frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og landlæknisembættinu um stig faraldursins og kemur þeim á framfæri.

VÁ sér til þess að:

- Stofnanir sveitarfélagsins fari að fyrirmælum stjórnvalda og almanna- og almannavarna.
- Þjónusta við íbúa haldist eins mikil og mögulegt er með velferð íbúa í fyrirrúmi.
- Rekstur og starfsemi sveitarfélagsins verði fyrir lágmarkstruflunum, með hagsmuni sveitarfélags og öryggi starfsmanna að leiðarljósi.

2. Stjórnun aðgerða og samráð við VÁ

VÁ samhæfir aðgerðir og viðbrögð vegna neyðarástands og veitir heimildir fyrir viðbrögðum og aðgerðum sem gripið er til innan stofnana. VÁ sækir nauðsynlegar heimildir frá bæjaryfirvöldum svo fljótt sem verða má.

Fyrirspurnir og tillögur forstöðumanna, viðbragðsteyma og starfsfólks, skulu berast á netfang RH-Covid19, rh-covid19@arborg.is. Sviðsstjóri viðkomandi sviðs, eða bæjarstjóri, svarar slíkum erindum svo fljótt sem auðið er - í samráði við VÁ.

VÁ fundar daglega og tryggir að allar tillögur og fyrirspurnir hafi hlotið afgreiðslu. Jafnframt sér VÁ til þess að allar mikilvægar upplýsingar skili sér til forstöðumanna og viðbragðsteyma.

3. Aðgerðir og viðbrögð á vettvangi.

3.1. Almenn

Ákvarðanir eru af ólíkum toga en ef tími og úrræði leyfa að afla sé upplýsinga og ráðgjafar, þá bætir það gæði ákvörðunar.

Forstöðumenn og viðbragðsteymi vinnustaða eru í bestri aðstöðu til að móta tillögur að aðgerðum í neyðarástandi, s.s. breytingu á þjónustu við íbúa, vernd hagsmuna sveitarfélagsins og vernd hagsmuna starfsfólks.

Tillögur sem í venjulegu ástandi þurfa samþykki bæjarstjórnar, bæjarstjóra eða sviðsstjóra skulu bornar undir VÁ svo fljótt sem verða má og áður en ákvörðun er tekin, eftir því sem kostur er.

3.2 Ákvarðanir og viðbrögð á neyðarstigi

Mikilvægt er að ákvarðanir sem varða breytingar á þjónustu við íbúa, gæslu hagsmuna sveitarfélagsins og vernd hagsmuna starfsfólks hljóti samþykki VÁ. Veigamiklar ákvarðanir skulu staðfestar í bæjarstjórn, eftir því sem við á, svo fljótt sem kostur er.

Fordæmalausar aðstæður og neyðarstig Almanna- og neyðarstig Almannavarna krefjast mun meiri sveigjanleika af starfsfólki í störfum sínum fyrir sveitarfélagið en í venjulegu ástandi og að starfsmenn séu tilbúnir til að sýna mikið frumkvæði og vinna eftir óhefðbundnu verklagi.

Forstöðumenn og viðbragðsteymi vinnustaða gætu þurft að meta aðstæður, taka ákvarðanir og framkvæma þær, ef upp kemur neyðarástand þar sem lítill eða enginn tími gefst og skal þá litið til eftirfarandi viðmiða.

3.2.1. Viðkomandi starfsmaður eða stjórnandi hefur heimild á grundvelli starfslýsingar
Starfsmaður tekur ákvörðun, en aflar sér ráðgjafar og samráðs eins og kostur er.

3.2.2. Viðbrögð starfsmanns sem ekki hefur augljósa heimild til ákvörðunar

a. Ef enginn tími gefst:

Starfsmaður tekur ákvörðun og framkvæmir hana, með aðstoð þeirra sem eru á vettvangi. Hann upplýsir næsta yfirmann svo fljótt sem verða má sem kemur málinu á framfæri við VÁ.

b. Ef tími gefst en ekki næst að hafa samband við VÁ eða sviðsstjóra

Samráð skal haft við forstöðumann, viðbragðsteymi eða aðra starfsmenn eftir því sem hægt er. Að því búnu er ákvörðun tekin og framkvæmd og málinu komið á framfæri við VÁ.

c. Ef tími gefst:

Tillögur sem í venjulegu ástandi þurfa samþykki bæjarstjórnar, bæjarstjóra eða sviðsstjóra skulu bornar undir VÁ í tölvupósti á RH-Covid19, rh-covid19@arborg.is svo fljótt sem verða má og áður en ákvörðun er tekin eða framkvæmd.

4. Upplýsingagjöf til starfsmanna og íbúa

VÁ sér um að miðla mikilvægum upplýsingum frá yfirvöldum til íbúa, á vefsíðu sveitarfélagsins.

VÁ miðlar upplýsingum um breytingar á þjónustu sveitarfélagsins til íbúa, á vefsíðu sveitarfélagsins.

VÁ miðlar upplýsingum til starfsmanna sveitarfélagsins gegnum forstöðumenn og viðbragðsteymi vinnustaða. Einnig má finna upplýsingar á vef sveitarfélagsins sem sérstaklega er beint að starfsmönnum.